



## Virðing - Samvinna - Vellíðan



### Kennsluáætlun Haust 2021

### Íslenska 4. bekkur

Dagsetn.	Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Kennsluhættir og námsmat.
30. ágúst- 26. október	<p>-Yndislestur, lesa sér til ánægju</p> <p>-Upprifjun í málfræði frá þriðja bekk: nafnorð, lýsingarorð sérhljóðar og samhljóðar</p> <p>-Ritun: Uppsetning texta, upphaf, miðja og endir</p> <p>-Stafsetning</p> <p>-Skrift, tengiskrift</p>	<p>-Bók af bókasafni</p> <p>-Málfræðihefti til upprifjunar</p> <p>-Stafsetningaræfingar</p> <p>-Ritunaræfingar</p> <p>-Lesrún bls 1-30</p> <p>-Skriftarbækur</p>	<p>-Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr</p> <p>-Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi</p> <p>-Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess</p> <p>-Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem aflað</p>	<p>Farið verður í málfræðihefti til upprifjunar sem felur í sér málfræðiæfingar sem eru kennd í þriðja bekk.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>· Bein kennsla</li> <li>· Leiðsagnarnám</li> <li>· Hópavinna</li> </ul>

	<p>-Lesskilningur: Geta lesið texta og svarað spurningum. Geta skilið og ályktað og ráðið í merkingu orða og orðasambanda út frá textasamhengi.</p>		<p>sérupplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi</p> <p>-Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem</p> <p>-Einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum</p> <p>-Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju</p>	
<p>27. okt- 17. des</p>	<p>-Lesskilningur - geta lesið texta og svarað spurningum. Geta skilið og ályktað og ráðið í merkingu orða og orðasambanda út frá textasamhengi.</p> <p>-Ritun – smásögur, upphaf, miðja og endir</p> <p>-Stafsetning</p> <p>-Skrift</p> <p>-Málfræði og lesskilningsæfingar:</p>	<p>-Lesrún bls 30-48</p> <p>-Yndislestur – bók af bókasafni</p> <p>-Ritun – elsku jólasveinn, jólasaga</p> <p>-Stafsetningaræfingar</p> <p>-Skriftarbækur</p> <p>-Geta lesið texta, leyst verkefni og svarað spurningum</p>	<p>Ritun</p> <p>-dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega</p> <p>-nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi</p> <p>-samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð</p> <p>-beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.</p>	<p>Námsmat fer fram út frá verkefnum, námsbókum og í gegnum leiðsagnanám</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>· Leiðsagnarnám</li> <li>· Samráðsfélagar</li> <li>· Lykilhæfni</li> <li>· Endurgjöf</li> </ul>

	<p>-Nafnorð: Sérnöfn og samnöfn. Tíð orða, fallbeyging, eintala/fleirtala, kyn orða, greinir.</p> <p>-sagnorð: Tíð, persóna, tala og háttur.</p> <p>-lýsingarorð: Stigbreyting, fallbeyging, kyn orða.</p> <p>-lesskilningur</p>		<p>-nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis</p> <p>-skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu</p> <p>-skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda</p> <p>Stafsetning</p> <p>-beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi</p> <p>Málfræði</p> <p>-beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska</p> <p>-þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein</p> <p>-raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag</p>	
--	--	--	---	--

			-gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða	
17. des – 12. janúar	-Yndislestur, lesa sér til ánægju -Skrift -Stafsetning -Ritun – upphaf, miðja og endir. Skapandi skrif	-Yndislestur – bók af bókasafni -Skriftarbók -Gagnvirkar æfingar af útfyrirbókina.is -Skólavefurinn -Stafsetningaræfingar -Ritun		Námsmat fer fram út frá verkefnum, námsbókum og í gegnum leiðsagnanám <ul style="list-style-type: none"> <li>· Leiðsagnarnám</li> <li>· Samráðsfélagar</li> <li>· Lykilhæfni</li> <li>· Endurgjöf</li> </ul>

Dagsetn.	Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Kennsluhættir og námsmat.
30.ágúst - 26.okt	Upprifjun  Tölur, tugakerfi og reikniaðgerðir -Tölur stærri en 1000 og minni en núll -Námundun -Negatífar tölur -Samlagning og frádráttur -Margföldun og deiling -Talnalínur -Tími, Klukkan	-Sproti 3A Nemendabók -Sproti 3B Nemendabók -Upprifjunarhefti -4A Nemendabók -4A Æfingabók -Gagnvirkar æfingar af utfyribokina.is -Gagnvirkar æfingar af skólavefnum	Notað náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman  Notað tugakerfisríthátt  Reiknað með náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt  Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagningar-, frá- dráttar-, margföldunar- og deilingardæmi  Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum  Gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi	Kennari notar Innlagnir til þess að kynna nýtt efni og skerpa á vinnubrögðum. Farið er yfir helstu námsþætti, aðferðir og hvernig á að beita þeim.  Vettvangsferðir, rannsóknir/raunverkefni. Leikir og spil. Hlutbundin vinna.  Vinnubrögð: Hlutbundin vinna, einstaklingsvinna, hópavinna, umræður, próf, leiðsagnarnám og símat.  Í lok hvers þema er próf sem kennari nýtir til þess að meta nemendur. Einnig metur kennari vinnu nemenda í vinnubók sem og önnur verkefni.
27.okt.- 17.des.	Rúmfræði og mælingar -Hnitakerfið -Rúmfræðiform	-4A Nemendabók -4A Æfingabók	Notað og rannsakað hugtök úr rúmfræði, unnið með rúmfræðilegar færslur, búið til líkön og teiknað skýringarmyndir, áætlað og	Kennari notar Innlagnir til þess að kynna nýtt efni og skerpa á vinnubrögðum. Farið er yfir

	-Flutningar: hliðrun, spegilásar og snúningur	-Gagnvirkar æfingar af utfyrirbókina.is -Gagnvirkar æfingar af skólavefnum -Seesaw -Rúmfræði spil	mælt ólíka mælieiginleika með stöðluðum og óstöðluðum mælieiningum  Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu  Gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu  Unnið með mælikvarða og lögun	helstu námsþætti, aðferðir og hvernig á að beita þeim.  Vettvangsferðir, rannsóknir/raunverkefni. Leikir og spil. Hlutbundin vinna.  Vinnubrögð: Hlutbundin vinna, einstaklingsvinna, hópavinna, umræður, próf, leiðsagnarnám og símat.  Í lok hvers þema er próf sem kennari nýtir til þess að meta nemendur. Einnig metur kennari vinnu nemenda í vinnubók sem og önnur verkefni.
Vorönn 2022	Rúmfræði og mælingar -Ummál og flatarmál -mælingar og tugabrot -Almenn brot  Rökstuðningur og tjáning um stærðfræðilegt efni  Tölfræði	-4B Nemendabók -4B Æfingabók -Gagnvirkar æfingar af utfyrirbókina.is -Gagnvirkar æfingar af skólavefnum -Seesaw	Áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða  Rannsakað og gert tilraunir með rúmfræði á einfaldan hátt með því að nota tölvur og hlutbundin gögn, speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn  Borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar	Kennari notar Innlagnir til þess að kynna nýtt efni og skerpa á vinnubrögðum. Farið er yfir helstu námsþætti, aðferðir og hvernig á að beita þeim.  Vettvangsferðir, rannsóknir/raunverkefni. Leikir og spil. Hlutbundin vinna. Vinnubrögð: Hlutbundin vinna, einstaklingsvinna, hópavinna, umræður, próf, leiðsagnarnám og símat.

			<p>Tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína um hana fyrir öðrum, leitað lausna og sett þær fram á fjölbreyttan hátt með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og rökstuðningi og fylgt rökstuðningi jafningja</p> <p>Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði</p> <p>Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir</p> <p>Sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi</p> <p>Rökrætt af innsæi um stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheimi, rökstutt niðurstöður sínar, val á lausnaleyðum og fylgt röksemdafærslu annarra</p> <p>Gert rannsóknir á umhverfi sínu, unnið og lesið úr niðurstöðum sínum, sett upp í einföld myndrit, tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun, tilviljanir og líkur og gert einfaldar tilraunir með líkur</p> <p>Safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið</p>	<p>Í lok hvers þema er próf sem kennari nýtir til þess að meta nemendur. Einnig metur kennari vinnu nemenda í vinnubók sem og önnur verkefni..</p>
--	--	--	--	--

			<p>Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit</p> <p>Tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra</p> <p>Tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur, s.s. hvað er líklegt að muni gerast og hvað er tilviljunum háð</p> <p>Gert einfaldar tilraunir með líkur og borið skynbragð á áhrif þeirra í spilum</p>	
--	--	--	--	--



Dagsetn.	Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Kennsluhættir og námsmat.
30. ágúst - 26. október	<ul style="list-style-type: none"> <li>Átti sig á hvernig fjöll eru sýnd á landakorti og geti nafngreint íslensk fjöll.</li> <li>Þjálfist í að skoða landakort og finna staði á því.</li> <li>Velti fyrir sér hvað séu fjöll og læri ýmis heiti á hólum, hæðum og fjöllum.</li> <li>Auki orðaforða sinn og þjálfist í að fletta upp lykilorðum.</li> <li>Skilji að fjöll eru mikilvægur hluti af íslenskri náttúru.</li> <li>Átti sig á að öll eru fjöllin ólík og hafa orðið til á ýmsa vegu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Komdu og skoðaðu fjöllin - Þemaverkefni</li> <li>Grænu skrefin</li> <li>Börn í okkar heimi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Sagt frá hvernig Ísland myndast og tekur breytingum</li> <li>Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum</li> <li>Sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir</li> <li>Nefnt helstu einkenni Íslands og tengt búsvæði Íslendinga við hugtökin hálendi og láglendi t.d. jökla, fjöll o.fl.</li> <li>aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Útikennsla</li> <li>Bein kennsla</li> <li>Hópavinna</li> <li>Einstaklingsvinna</li> <li>Umræður og spurnaraðferðir</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"><li>● Grænu skrefin: Endurvinnna og endurnýta</li><li>● Skilji hvað verður um ruslið</li><li>● Átti sig á því hvað það er mikilvægt að endurnýta og endurvinnna rusl</li><li>● Hvernig er hægt að minnka notkun á einnota hlutum</li><li>● Hvað felst í hreinni orku</li><li>● Loftlagsbreytingar</li><li>● Hvernig getum við farið betur með eigur okkar og annarra</li><li>● Fátækt og hungur: Geri sér grein fyrir muninum á þróunarlöndum og lðnríkjum</li><li>● Geti skilgreint hugtakið fátækt</li><li>● Skilji hvernig fátækt kemur til</li></ul>			
--	--	--	--	--

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hvernig getum við hjálpað öðrum</li> </ul>			
27. október - 12. janúar.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geri sér grein fyrir því af hverju stríð verða</li> <li>• Skilji hugtakið hryðjuverk</li> <li>• Geti áttað sig á því hvernig stríð breytir lífi fólks</li> <li>• Flóttamenn og farandfólk - Hver eru þau?</li> <li>• Fylgdarlaus börn</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Börn í okkar heimi</li> <li>• Stríð í heimi</li> <li>• Fordómar og þröngsýni</li> <li>• Flóttamenn og farandfólk</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Mannlíf</li> <li>• Siðferði</li> <li>• Fjölmening</li> <li>• Menningarläsi</li> <li>• Manngildi</li> <li>• Jafnrétti</li> <li>• Lífsviðhorf</li> <li>• Mannréttindi</li> <li>• Frelsi og ábyrgð</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Útikennsla</li> <li>• Bein kennsla</li> <li>• Hópavinna</li> <li>• Einstaklingsvinnna</li> <li>• Umræður og spurnaraðferðir</li> </ul>

Dagsetn.	Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Kennsluhættir og námsmat.
30. ágúst- 12. janúar	Hlustunaræfingar Að heilsa, kynna sig og kveðja  Unnið með orðaforða: -Tölurnar frá 1 - 20 -Fjölskyldan -Skólinn -Litirnir -Dýr -Líkaminn -Dagar, mánuðir og árstíðir -Veðrið -Matur og drykkir -Dýr -Tilfinningar -Heimilið -Áhugamál -Fánar og lönd	-Speak out  -Work out  -Æfingar- og þrautahefti	- skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum  -Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.	-Nemendur skiptast á að lesa upphátt úr Speak out og vinna verkefni úr Work out í sameiningu undir leiðsögn kennara.  -Námsmat. Símat, þátttaka, virkni og verkefnabók

Dagsetn.	Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Kennsluhættir og námsmat.
Lotur Prískipting 12 vikur 24 skipti		Efniviður úr nærumhverfi og smíðastofu. Öryggisbúnaður, verkfæri, yfirborðsefni og önnur áhöld tengd greininni.	Við lok lotu á nemandi að geta: <ul style="list-style-type: none"> <li>- valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.</li> <li>- gert grein fyrir nokkrum smíðaeinum sem unnið er með.</li> <li>- dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar</li> <li>- unnið verkefni frá hugmynd að fullnum hlut með áherslu á form og útlit</li> <li>- framkvæmt einfaldar samsetninga</li> <li>- valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi</li> <li>- sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með</li> <li>- beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar</li> </ul>	Kennsluhættir eru með fjölbreyttum sniðum en snúa fyrst og fremst að því að nemendur öðlist frekari hæfni í notkun einfaldra verkfæra og efniviðs. Nemendur fá þjálfun í að nota laufsög og bakkasög og lögð er áhersla á vönduð vinnubrögð og frágang með þjöllum og sandpappír. Eins munu nemendur læra ábyrga og snyrtilega hegðun innan smíðastofunnar þar sem öryggisreglum skal ávallt fylgja. Námsmat er sameiginlegt með öðrum list- og verkgreinum en mun vera metið innan smíðastofunnar út frá verkefnum nemenda, frágangi og hegðun innan stofunnar. Námsmat kennara byggist á vinnubrögðum, umgengni og virkni nemanda.
1 vika - 5 vika	Bangsarúm <ul style="list-style-type: none"> <li>• Fara í gegnum hönnunarferli</li> <li>• Læra að mæla, sníða og</li> </ul>			

	<p>saga höfuðgafli og fótagafli</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Læra að leggja mat á góðan frágang í smíðavinnu s.s. með sandpappír og þjöl.</li> <li>• Samsetning verkefnis þar sem tveir og tveir vinna saman</li> <li>• Leggja lokahönd á rúmið, klára frágang og mála.</li> </ul>			
6 vika	<p>Vináttuverkefni</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Sameiginlegt verkefni í öllum árgöngum sem snýr að eineltis forvörnum og vináttu.</li> <li>• Sameiginlegt listaverk mun hanga í almannarými skólans.</li> </ul>			
7 vika - 8 vika	<p>Hópavinna Heimsmarkmið</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendum er skipt niður í hópa og vinna saman með ákveðið heimsmarkmið.</li> <li>• Heimsmarkmiðið verður skilgreint og hópurinn vinnur sameiginlega að hönnun á viðarplötu 30x30</li> <li>• Smáatriði söguð út og pússuð vel með sandpappír og þjöl.</li> <li>• Að lokum verður verkefnið unnið með yfirborðsmeðferð og málað.</li> </ul>			

9 vika	Segull <ul style="list-style-type: none"> <li>● Fara í gegnum hönnunarferli</li> <li>● Unnið út frá tvívídd yfir í þrívídd</li> <li>● Sagað út og pússað vel</li> <li>● Yfirborðsmeðferð og málun</li> </ul>			
10 vika	Ruslaskrímli - Útikennsla <ul style="list-style-type: none"> <li>● Farið verður í stutta vettvangsferð í kringum skólann að safna rusli</li> <li>● Allur hópurinn vinnur saman að hanna Ruslaskrímli úr því sem finnst úti á vettvangi</li> <li>● Skrímlið eignast nafn og því er gefin tilgangur innan smíðastofunnar</li> </ul>			
11 vika - 12 vika	Verkefni kláruð / Frjálst <ul style="list-style-type: none"> <li>● Nemendur fá tækifæri til að klára verkefni sem þau hafa ekki lokið í gegnum lotuna</li> <li>● Þau sem hafa lokið verkefnum fá að gera frjáls verkefni í samráði við kennara.</li> </ul>			

Dagsetn.	Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Kennsluhættir og námsmat.
Lotur Þrískipting 12 vikur 24 skipti	Verkefnin eru ekki unnin í ákveðinni fyrirfram ákveðinni röð. Kennari metur röðina og áherslur í verkefnum samhliða því sem hann kynnist nemendahópnum hverju sinni.	Efni og áhöld í textílstofunni. Fjölbreyttar upplýsingar á ýmsu formi sem kennari sækir vítt og breitt til að útskýra efni og veita nemendum innblástur.	Við lok lotu á nemandi að geta: <ul style="list-style-type: none"> <li>- notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum</li> <li>- unnið úr nokkrum gerðum textílefna</li> <li>- unnið eftir einföldum leiðbeiningum</li> <li>- tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu</li> <li>- skreytt textílvinnu á einfaldan hátt</li> <li>- gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni</li> <li>- leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum</li> <li>- sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt</li> <li>- sagt frá nokkrum tegundum textílefna</li> <li>- fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til</li> </ul>	<p>Stuðst er við fjölbreytta kennsluhætti í textílnáminu, með það að markmiði að nemendur prófi fjölbreyttar aðferðir, kynnist ólíkum textílmíðlum, og læri að tileinka sér skapandi og gagnrýna hugsun við verkefnavinnu sína.</p> <p>Námsmat kennara byggist á viðmóti, vinnubrögðum, umgengni og virkni nemanda í tímum.</p> <p>Í lok hvers tíma tekur kennari mynd af afrakstri tímans og setur í möppu</p>



			veðurfars, athafna og tilefna - notað ný og endurunnin efni í textílvinnu	nemandans á vefsíðunni SeeSaw og er hugsuð sem rafræn ferilmappa sem fylgir nemandanum í textíl.
	<p>Bangsinn minn</p> <p>Nemendur hanna og teikna sinn eigin bangsa sem passar inn á A4 blað. Nemendur velja úr nokkrum litum þrjúnaðs ullarefnis í bangsann. Þau læra að sauma beint spor í saumavél og sauma bangsann saman með því. Þau fylla bangsann, skreyta hann með augum, nefi og/eða hári, og búa loks til fatnað á bangsann.</p>			
	<p>Útsaumur</p> <p>Nemendur skrifa nafnið sitt á rúðustrikað blað með því að fylla inn í reitina nokkrum sinnum og skoða hvernig þeim finnst nafnið koma best út. Nemendur læra um undirstöðuatriðin í útsaumi og krosssaumi og prófa að sauma nafnið sitt út í javaefni.</p>			
	<p>Ýmis örverkefni</p> <p>Sett er fyrir nemendur af og til örverkefni sem kynna fyrir þeim og þjálfar þau í einfaldri textíl tækni og byrjunina á</p>			

	<p>hönnunarhugsun. Verkefni eru gripin á lofti eftir því sem kennara finnst þau eiga við hverju sinni. Tæknina býðst nemendum að nýta og blanda inn í önnur verkefni ef þeim finnst það spennandi.</p>			
--	--	--	--	--

Dagsetn.	Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Kennsluhættir og námsmat.
Ágúst til Júní	Línudans Samkvæmisd. Þjóðdans Free style Leikir og spuni	Tónlist Leikir	Hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama.  Dansað einföld hreyfimyndur og notað þau í paradönsum, barnadönsum og einföldum þjóðdönsum.  Tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara.  Tengt saman hreyfingu og tónlist í dansi og virt samskiptareglur.	Útskýring og sýnikennsla á sporum  Þjálfunaraðferðir með mismunandi hætti  Unnið í gegnum dans og leik

Dagsetn.	Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Kennsluhættir og námsmat.
24.8.-10.6	<p>Söngur, áframhaldandi taktþjálfun, nótur og Solfa-kerfið (Do, Re, Mí o.s.frv) rifjað upp.</p> <p>Byggt ofan á fyrri þekkingu á hugtökum í tónfræði sem tengjast m.a. hraða, styrk, lengdargildum, tónhæð, lengdargildum og tónskölum.</p> <p>Unnið með atkvæði og hrynn.</p> <p>Unnið með sköpun, textar, laglína og hrynnur.</p> <p>Unnið með handhljóðfæri og nemendur kynnast einnig stafspilum (xylophone) betur og nýta þau í tónsköpun og spuna.</p>	<p>Leikir og æfingar sem þjálfar samvinnu, hrynn, púls, tónvitund, hlustun og eftirtekt.</p> <p>Sönglög sem eru fengin úr hinum ýmsu nótnaheftum og af netinu.</p> <p>Ýmsar netveitur eru notaðar, s.s. Youtube og Spotify.</p> <p>Handhljóðfæri, s.s. trommur, þríhorn, hristur og stafir.</p> <p>Stafspil og klukkuspil (xylophone).</p> <p>Kennsluefnið <i>Það var lagið</i> og leikir, m.a. úr bókinni <i>Töfrakassinn-tónlistarleikir</i>.</p>	<p><b>Nemandi:</b> Er virkur í samstarfi.</p> <p>Fylgir fyrirmælum og nýtir tímann vel.</p> <p>Sýnir þrautseigju og leitar lausna þegar verkefni eru krefjandi</p> <p><b>Nemandi getur:</b> Leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur hljóðfæri.</p> <p>Tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt.</p> <p>Þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun.</p>	<p>Nemendur fá að reyna á eigin skinni hvernig nótur, púls og hrynnur virka, þ.e.a.s. líkamna efnið í ýmsum leikjum og verkefnum.</p> <p>Kennnd verða lög með bergmálsaðferð (kennari syngur, síðan syngja nemendur) og farið verður í merkingu textans. Nemendur skapa tónverk og texta í litlum hópum og bekkurinn sem heild.</p> <p>Kennari leikur undir á píanó og ukulele.</p> <p>Kennari metur nemendur út frá þátttöku í tímum og frammistöðu í verkefnum.</p>